

Nr. 17-182 S 132 Kap II VE 7***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1062
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Stálvík, 1967, stál
Stærð: 407,58 brl. 575,28 bt.
Mesta lengd: 52,07 m *Skráð lengd:* 47,0 m
Breidd: 7,90 m *Dýpt:* 6,20 m
Vél: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981
Fjöldi skipverja: 14



Kap II © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. júní 2017 var Kap II við bryggju í Vestmanneyjum. Veður: A 12 m/s.

Skipverjar voru að vinna við að undirbúa skipið á grálúðunet. Einn skipverji var að fara niður í nótakassann en missti takið og lenti með bakið á stífu sem var til að skorða af fiskikör.

Við rannsókn kom fram:

- að grálúðunetin voru geymd í nótakassanum en enginn stigi var ofan í hann;
- að fallið var um tveir metrar;
- að strax eftir slysið var settur stigi niður í nótakassann;
- að skipverjinn hafði ekki verið lögskráður á skipið.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óviðunandi vinnuaðstaða.

Nefndin átelur að lögskráning var ekki í lagi.